

Nd.

164. Frumvarp til laga

[115. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með verðlagsákvarðanir fer 9 manna nefnd, verðlagsnefnd. 3 nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Níundi nefndarmaðurinn er ráðuneyttisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti í forföllum hans. Viðskiptamálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969, en þá fellur niður umboð núverandi verðlagsnefndar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 72 frá 29. nóvember 1967 var sú breyting gerð, að verðlagsnefnd var skipuð samkvæmt tilnefningu þannig: 3 nefndarmenn skyldu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 2 samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Ráðuneyttisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu er áfram formaður nefndarinnar. Þessi ákvæði laganna voru sett til bráðabirgða og gilda aðeins til ársloka 1968.

Með lagafrumvarpi þessu er ætlunin að halda þessari skipan áfram og jafnframt gert ráð fyrir, að verðlagsnefnd sé skipuð til fjögurra ára í senn.